

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
3. fundur 2019 (89. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 24.04.2019 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

| | |
|---------------------------|---------------------------|
| Guðmundur Björnsson | formaður skipulagsnefndar |
| Steinþór Einarsson | skipulagsnefnd |
| Einar Jón Pálsson | " |
| Kristinn Halldórsson | " |
| Guðlaugur H. Sigurjónsson | " |
| Eiríkur Bjarnason | ritari skipulagsnefndar |
| Sveinn Valdimarsson | skipulagsfulltrúi |
| Georg E. Friðriksson | Landhelgisgæslan |
| Anna Margrét Tómasdóttir | Mannvirkjastofnun |

1. Framkvæmdaleyfi fyrir neyðarveg frá Háaleitishlaði 25 að flugbraut

Með bréfi, ódags., óskar Guðjón Arngrímsson, f.h. Flugvallarþjónustu Isavia Keflavíkurflugvelli eftir framkvæmdaleyfi til lagningar neyðarvegar frá Háaleitishlaði að flugbraut.

Skipulagsnefndin samþykkti framkvæmdaleyfið.

2. Framkvæmdaleyfi fyrir bráðabirgðaveg vegna breytinga á olíudreifikerfi flughlaða

Lagt var fram erindi Isavia, dags. 15.04.2019, þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir bráðabirgðaveg vegna breytinga á olíudreifikerfi flughlaða. Eldsneytislögn til bráðabirgða verður lögð ofan á veginn sem síðar verður jafnaður út að framkvæmd lokinni. Svæðið sem um ræðir lendir síðar undir flughlöð samkvæmt gildandi deiliskipulagi.

Haft hefur verið samráð við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja um framkvæmdina.

Skipulagsnefndin samþykkti framkvæmdaleyfið fyrir sitt leyti, en hafa þarf samráð við Mannvirkjastofnun um framkvæmdina.

3. Framkvæmdaleyfi vegna lagna við Hot Cargo og taxa

Sótt er um framkvæmdaleyfi vegna lagna í tengslum við endurnýjun á ljósakerfi við Hot Cargo og taxa, Sierra 3 og 4 og Golf 1 og 2. Framkvæmdinni er lýst í verkefnislýsingu verkfræðistofunnar Verkís, dags. 23.04.2019.

Meginframkvæmdin er innan öryggissvæðis en lagnaskurðir að hluta til innan flugvallarsvæðis.

Skipulagsnefndin samþykkti framkvæmdaleyfið fyrir sitt leyti og felur skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi þegar endanleg gögn liggja fyrir.

4. Sameining lóðanna Háaleitishlað 23 og 25.

Lagt var fram erindi Isavia, dags. 17.04.2019, þar sem óskað er eftir heimild til að sameina lóðirnar Háaleitishlað 23 og Háaleitishlað 25.

Að mati skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar er um óverulega breytingu á deiliskipulagi að ræða. Nefndin samþykkti að fram færi grenndarkynning á breytingunni í samræmi við 44. gr. skipulagslaga. Þar sem að mati nefndarinnar enginn annar en umsækjandi, sem er eigandi lóðanna, hefur hagsmuna að gæta, fellur grenndarkynningin niður.

Skipulagsnefndin samþykkti sameiningu lóðanna.

Skipulagsnefndin leggur til að hin sameinaða lóð fái heitið Háaleitishlað 23.

5. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 6. júní 2019 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx